

1040. Stjórnarfundur VR

Haldinn 10. febrúar 2010 kl 18:15 í Kringlunni 7, 0. hæð.

Mættir voru: Sigurður Sigfússon (SS), Benedikt Vilhjálmsson (BV), Bergur Steingrímsson (BSt), Stefanía Magnúsdóttir (SM), Ásta Rut Jónasardóttir (ÁRJ), Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Steinar J. Kristjánsson (SJK), Óskar Kristjánsson (ÓK), Jóhanna Rúnarsdóttir (JR), Lykke Bjerre Larsen (LBL), Jón Magnússon (JM), Bjarki Steingrímsson (BS), Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir (GJÓ), Ragnar Þór Ingólfsson (RÞI), Ágúst Guðbergsson (ÁG).

Ritari: Helga Árnadóttir (HÁ)

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir nr. 1038 og 1039 lagðar fram og samþykktar athugasemdalaust.

Bókun frá KÖJ: „Lagt er til að fundarmenn skilji eftir farsíma sína í hliðarherbergi við fundarherbergi á meðan á stjórnarfundum sendur“. Urðu allir stjórnarmenn við því nema BS, BSt, GJÓ og RÞI.

2. Trúnaðarbrestur – bókhaldsupplýsingar VR í fjölmiðlum 365.

Formaður Öryggisnefndar VR sendi til stjórnarinnar bréf sem KÖJ las upp. Í framhaldi þess las KÖJ upp greinargerð um málið og í framhaldinu ályktun sem borin var upp:

„Brot á trúnaði og upplýsingaleki á bókhaldsgögnum.“

Í síðustu viku var Stöð 2 með fréttáflutning af kreditkortanotkun starfsmanna VR í þágu félagsins. Um var að ræða trúnaðargögn með persónugreinanlegum upplýsingum. Um slík gögn gilda strangar reglur og landslög um persónuvernd. Innanhússreglur VR byggja á sömu lögum og reglum settum af Persónuvernd og kemur fram í öryggistefnu félagsins hér fyrir neðan:

Öryggisstefna VR

Inngangur

Í samræmi við 11. gr. laga nr. [77/2000](#), um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur Persónuverndar nr. [299/2001](#) um öryggi persónuupplýsinga, auk viðeigandi ákvæða laga nr. [46/1980](#) um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, hefur stjórn VR ákveðið að setja bæði innri og ytri þáttum í starfsemi VR eftirfarandi skriflega öryggisstefnu um meðferð persónuupplýsinga, áhættumat og öryggisráðstafanir.

1. gr. Markmið og gildissvið

- að tryggja öryggi við vinnslu persónuupplýsinga,
- að ábyrgjast að áhættumat fari reglulega og endurtekið fram,
- að gera viðeigandi öryggisráðstafanir við framkvæmd öryggisstefnu félagsins.

Öryggisstefna VR tekur til meðferðar persónuupplýsingar sem eru í vörslu VR og heimild til að afhenda slíkar upplýsingar og styðst við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og tilskipun Evrópusambandsins um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([Directive 95/46/EC](#)).

2. gr. Ábyrgð VR

VR ber ábyrgð á meðferð þeirra persónuupplýsinga sem eru í vörslu félagsins á hverjum tíma og afhendingu þeirra. Ákvörðun um hvaða upplýsingar og hvernig þær eru fram settar verður einungis tekin af öryggisnefnd sem stjórn VR hefur sérstaklega falið slíkt ákvörðunarvald.

Samkvæmt e.-lið, 8. tl. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 teljast upplýsingar um stéttarfélagasáðild til "viðkvæmra persónuupplýsinga" og ber ávallt að hafa það í huga við meðferð mála og meðhöndlun gagna.

3. gr. Ábyrgð starfsmanna og kjörinna fulltrúa VR

Starfsmaður VR skal gæta ákvæða laga og reglugerða, eins og þau eru á hverjum tíma, við færslu, skráningu, varðveislu og meðferð upplýsinga úr skráningarkerfum VR. Á það jafnt við um upplýsingar um félagsmenn og starfsmenn VR.

4. gr. Meðferð persónuupplýsinga

4.1. Persónugreinanlegar upplýsingar skal einungis veita viðkomandi félagsmanni eða umboðsaðila hans.

4.2. Hjá VR eru upplýsingar um heilsufar algjört trúnaðarmál.

5. gr. Netvöktun - eftirlit með tölvupósti og netnotkun starfsmanna VR

Hjá VR er leitast við að jafnvægi ríki milli hagsmuna vinnuveitandans og starfsmannsins og treyst er á dómgreind starfsmanna og ábyrgðartilfinningu. Því er ekki skipulagt eftirlit með tölvupósti og netnotkun starfsmanna VR frá degi til dags.

6.gr. Áhættumat

Öryggisráðstafanir VR byggja á áhættumati sem fólgið er í greiningu á innri og ytri áhættuþáttum og ábendingum um lausnir sem miða að því að fjarlægja ógnir og stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum og eftirfylgni.

7. gr. Öryggisráðstafanir

7.1. Aðgengi starfsmanna, þjónustuaðila og utanaðkomandi að húsnæði VR skal eingöngu veita á skilgreindan hátt.

7.2. Öryggi gagna, þ.e. öll meðhöndlun þeirra, varsla, áreiðanleiki og aðgangsstýringu skal tryggja með viðurkenndum aðferðum.

7.3. Takmarka skal tjón af völdum mannglegra mistaka með því að kanna feril umsækjanda um störf hjá VR, fá skjalfestar þagnaryfirlýsingar og skilgreina ábyrgð starfsmanns.

8. gr. Ábyrgðaraðili

Öryggisnefnd VR skal fylgja eftir framkvæmd og þróun þessarar öryggisstefnu og reglulega endurskoða áhættuþætti VR í formi árlegrar skýrslu til stjórnar VR um öryggismál. Þá er umboð nefndarinnar endurnýjað samtímis.

9. gr. Gildistaka

Stefna þessi var samþykkt af stjórn VR á fundi þann 7. desember 2005 og öðlaðist þegar gildi. Öryggisnefnd setur nánari reglur varðandi framkvæmd stefnunnar sbr. Gæðahandbók VR.

Stjórn VR, 7. desember 2005

Fyrir liggur að umrædd gögn sem Stöð 2 hafði undir höndum og byggði fréttir sína á eru þau sömu og einn stjórnarmaður VR, Bjarki Steingrímsson, hafði fengið afhent afrit af áður en stjórn hafði sett sér viðhlítandi verklagsreglur byggðar á öryggisstefnu félagsins og leiðbeiningum ASÍ um aðgengi og meðferð slíkra gagna. Rétt er að taka fram að stjórnarmenn hafa undirritað trúnaðaryfirlýsingu í samræmi við öryggisstefnu félagsins 7. gr. lið 3. (7.3).

Einnig liggur fyrir að einungis þrír aðilar hafa meðhöndlað og hafa haft aðgang að umræddum gögnum, þ.e. fjármálastjóri félagsins Helga Árnadóttir, bókari félagsins Auður Búadóttir og sem fyrr greinir Bjarki Steingrímsson, stjórnarmaður í VR.

Því þarf að svara þeirri spurningu um hver ofangreindra aðila gæti haft hagsmuni af því að afhenda umræddar persónugreinanlegar bókhaldsupplýsingar þriðja aðila og gera upplýsingarnar opinberar.

Skipulag fjárreiðna félagsins, þ.m.t. bókun og samþykkt reikninga, er skv. samþykktu ferli sem þróað hefur verið í samræmi við hugmyndir um bestu framkvæmd í samráði við innri endurskoðendur félagsins og með það að markmiði að starfsemi félagsins uppfylli viðeigandi gæðastaðla. Stefnt er að gæðavottun og öryggisvottun á ferlum félagsins á næstu misserum. Aðgreining starfa og hlutverka á fjármálasviði er hluti af öryggiskerfi og er uppbyggt til að fyrirbyggja möguleika á sviksemi í starfi.

Sk.v fyrirliggjandi ferlum þarf minnst tvo aðskilda aðila, fjármálastjóra og bókara (en allt að fjóra) til að samþykkja úttektir á kreditkortum félagsins sem starfsmenn hafa til að mæta kostnaði vegna félagsins eða starfa sinna á vegum félagsins. Þriðji aðilinn, gjaldkeri, þarf svo að ananst greiðslur vegna kortaúttekta og er þá um heildarupphæðir vegna útgjalda á öllum kortum til banka og kortafyrirtækja að ræða.

Fjármálastjóri ber yfirábyrgð á því, frá degi til dags, að fjárreiður félagsins og meðferð fjármuna sé í samræmi við áætlanir, heimildir, lög og starfsemi félagsins og í samræmi við gildandi reglur og lög um bókhald og meðferð fjármuna.

Að sama skapi ber bókari ábyrgð á því að á bak við öll útgjöld félagsins standi réttmætir reikningar og skuldbindingar af hálfu félagsins. Telji bókari félagsins að misfellur séu í meðferð fjármuna eða að ekki standi réttmætir reikningar á bak við útgjöld félagsins ber honum að gera einhverjum eftirtalinnna aðila viðvart eftir eðli máls, fjármálastjóra, formanni, endurskoðanda félagsins eða innri endurskoðanda. Sama á við um fjármlálastjóra félagsins.

Fyrir liggur að fjármálastjóri félagsins er einn korthafa í umræddum gögnum sem og fyrrum fjármálastjóri félagsins. Er vandséð að fjármálastjóri hafi af því hagsmuni, ef um vafasama meðferð kortanna hafi verið að ræða, að gera slíkar upplýsingar opinberar enda sjálfgefið að starf og starfshættir væru þar með gerðir tortryggilegir og starfsöryggi viðkomandi ógnað. M.ö.o. verður að teljast harla fjarstæðukennt að fjármálastjóri hafi hagsmuni af því að gera umrædd gögn opinber í fjölmiðlum. Ólíklegt og í raun útilokað er að viðkomandi kysi að sakbenda sjálfan sig opinberlega með þessum hætti í stað þess að koma ábendingum til viðeigandi aðila s.s. formanns, stjórnar, bókara, endurskoðanda eða innri endurskoðanda.

Sömu rök varða bókara félagsins og fjármálastjóra að því undanskildu að viðkomandi er ekki með kreditkort á vegum félagsins enda óþarfi við framkvæmd starfsins. Hinsvegar ber bókarari þá ábyrgð að réttmætar færslur með viðeigandi fylgigögnum og samþykktum séu fyrirbyggjandi. Hæpið verður því að teljast að viðkomandi vilji gera sjálfan sig og störf sín opinberlega tortryggileg. Sérstaklega ber að huga að því að ef sviksemi og eða misnotkun ætti sér stað væri það á ábyrgðarsviði viðkomandi. Ólíklegt og í raun útilokað er að viðkomandi kysi að sakbenda sjálfa sig opinberlega með þessum hætti í stað þess að koma ábendingum til viðeigandi aðila s.s. formanns, stjórnar, fjármálastjóra, endurskoðanda eða innri endurskoðanda.

Þriðji aðilinn sem sannanlega hefur fengið umrædd gögn í hendur er Bjarki Steingrímsson, stjórnarmaður VR. Hann tók sæti í stjórn VR árið 2009 sem einn af fjórum fulltrúum „L-lista“ framboðs ásamt tveimur öðrum í einstaklingskjöri undir sömu merkjum, eða alls sex af sjö stjórnarmönnum sem voru í kjöri, en formannsframbjóðandi listans náði ekki kjöri.

Allt frá kosningabaráttunni fram á þennan dag, hvort sem er opinberlega eða á stjórnarfundum að Bjarki telur flesta ef ekki alla samstjórnarmenn sína sem setið hafa í stjórn VR áður og nú spillta og fara illa með fé félagsmanna. (skil ekki alveg setninguna hér á undan, e.t.v. Svona: Allt frá kosningabaráttunni fram á þennan dag, hefur Bjarki lýst því yfir, bæði opinberlega og á stjórnarfundum, að hann telji flesta ef ekki alla samstjórnarmenn sína spillta og fara illa með fé félagsmanna. Óumdeilt er að hann hefur gagnrýnt samstjórnarmenn sína sem ekki deila með honum skoðunum opinberlega og hefur, svo vægt sé til orðað tekið, beitt öllum ráðum til að gera þá tortryggilega á opinberum vettfangi. Á það jafnt við um formann og aðra stjórnarmenn sem fyrst tóku sæti 2009 sem og eldri stjórnarmenn.

Eru fyrirbyggjandi ummæli og skoðanir hans á vefmiðlum sem sanna og sýna fram á, með óyggjandi hætti, einbeittan vilja til að strá fræjum tortryggni í garð samstjórnarmanna í VR sem og í garð starfsmanna félagsins, og í raun félagsins alls. Hver tilgangurinn er með slíkri framkomu og hátterni er erfitt að svara. Sá grunur hlýtur að vakna að markmiðið sé að skapa slíka sundrunu og úlfúð í kringum starfsemi félagsins að möguleikar gefist til frekari valda og áhrifa hans og þeirra sem hann styðja.

Af ofagreindu vill stjórn VR álykta sem svo:

Stjórn VR telur augljóst hvar sökin liggur í málinu og harmar að vegið sé að æru starfsmanna félagsins sem daglega leggja sig fram um að veita félagsmönnum framúrskarandi þjónustu og stuðning á erfiðum tímum. Er það miður að vegið sé að æru þeirra í valdapólitískum tilgangi sem á ekkert skylt við starfsemi félagsins og

réttindabaráttu þess fyrir félagsmenn. Um leið og stjórn VR fordæmir slík vinnubrögð lýsir hún yfir fullum stuðningi við starfsmenn félagsins. Stjórn VR mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að auðvelda starfsmönnum að sinna sínum störfum áfram af alúð og elju en heitir jafnfram stuðningi við þá sem kunna að vilja leita réttar síns vegna málsins”.

Umræður

BS lagði fram eftirfarandi bókun:

„Eins og fram hefur komið á fundi okkar í kvöld, þá harma ég að enginn stjórnarmanna meirihlutans, eins ekki formaður og ekki varaformaður félagsins skulu viðurkenna hér að enginn nefndra hafi sinnt eftirlitsskyldu sinni með fjármálum/bókhaldi félagsins, þrátt fyrir að bera persónulega ábyrgð á þeim og þeirri skildu er þau tóku á sig við kjör sitt. Það er hreint ótrúlegt að aðeins Bjarki Steingrímsson fyrir hönd minnihlutans hafi sinnt skildu sinni með jafn mikilvægu atriði eins og fjármál VR eru. Þessa staðfestingu harma ég, því ég axla þá ábyrgð er ég tók að mér við kjör mitt um leið undrast ég að ofangreindir aðilar skulu treysta í blindni endurskoðendum og stjórnendum félagsins eins og fram kom á fundi okkar og þar með talið að ekki þurfi að sinna eftirliti eins og svo rík áhersla er sérstaklega tekinn fram í lögum félagsins VR“.

Umræður

Ofangreind ályktun var borin undir atkvæði og samþykkt. Hlynntir 12 andvígir 2.

KÖJ upplýsti að verið væri að skoða allar kreditkortafærslur félagsins sl. 3 ár og að það mál væri í vinnslu.

- 3. Sala á Miðstræti 11 í Vestmannaeyjum, samþykkt**
- 4. Trúnaðarmenn – Nýir og endurkjörnir, samþykkt**
- 5. Málefni einyrkja – lagabreytingar. Umræður**
- 6. Lagabreytingar – vinna endurskoðunarnefndar. Umræður**

Tillaga frá ÓK að BS viki af fundi, þar sem hann lá undir grun um að bera ábyrgð á ofangreindum leka og myndi ekki sækja frekari stjórnarfundum fyrir en rannsókn á áður nefndum leka væri lokið. Umræður

Tillaga BS um 10 mín. fundarhlé borin upp en hún felld.

Guðrún Jóhanna leggur fram bókun:

„Í trúnaðaryfirlýsingu sem undirrituð var af stjórn VR í maí sl. þá er tekið fram að ekki megi fjalla um það sem gerist á stjórnarfundum VR en það sem fram kemur í fundagerð. Til að geta fjallað um þessi málefni verða fundagerðir að liggja fyrir og samþykktar.

Tel ég því að brot hafi verið framið af þeim sem bar ábyrgð á að setja upplýsingar á vef VR nokkrum mínútum eftir að stjórnarfundur lauk, bæði hvað varðar yfirlýsingu um vantrauststillögu á Bjarka Steingrímsson sem varaformann VR sem var birt 16/12/09 sem og ályktun meirihluta stjórnar VR sem birt var á vef VR 29/01/10. En fundagerð lá ekki fyrir þegar þessar upplýsingar voru birtar.

Kristinn Örn sagðist bera ábyrgð á því að koma á vefinn tilkynningu um vantrauststillögu á Bjarka en enginn hefur gefið sig fram sem ábyrgðaraðili á seinni tilkynningunni.

Hér með óska ég eftir afsökunarbeiðni á þessu, opinberlega á vef VR og fer fram á að stjórn VR samþyki það.

Ef stjórn VR hafnar þessu lít ég svo á að ekki sé hægt að styðjast við þessa trúnaðaryfirlýsingu sem undirrituð var í maí sl. og með því er hún dæmd ómerk.

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir“.

Umræður.

Kosning um að BS víki af fundi skv. ofangreindri breytingartillögu. Hún var samþykkt, en 3 andvígir. BS neitar að víkja af fundi.

Umræður um lagabreytingarnar.

ÓK leggur fram tillögu um sérstaka laganefnd:

„Legg fram tillögu þess efnis að stofnuð verði laganefnd sem kalli sér til aðstoðar lögfróða menn. Nefndin taki og vinni áfram tillögur endurskoðunarnefndar sem og kæmi með tillögur til úrbóta varðandi einyrkja og annað smálegt sem kann að þurfa lagfæringar við í lögum félagsins. Aðalverkefnið væri að taka þessar annars ágætu hugmyndir sem fram eru komnar og fer með þær lengra og klárar að útfæra kosningalögin og gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að gera lögin þannig úr garði að allir geti við unað og séu réttlát fyrir alla og hugsuð þannig að ekki verði óeðlileg endurnýjun í stjórn og trúnaðarráði. Í þessari nefnd sitji Kristinn Örn Jóhannesson, Sigurður Sigfússon, Sigríður Stefánsdóttir, Óskar Kristjánsson“.

Tillagan samþykkt, 1 andvígur og 1 situr hjá.

7. Úrslit kosninga til trúnaðarstarfa hjá VR

KÖJ kynnti kosningaúrslit trúnaðarráðs- og trúnaðarmanna á vinnustöðum

Eftirtaldar verða í framboði sem aðalmenn til stjórnar í einstaklingskosningu vegna framboðs trúnaðarráðs og trúnaðarmanna VR:

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Guðrún Helga Tómasdóttir

Hildur Mósesdóttir

Eftirtaldir verða í framboði sem varamenn til stjórnar í einstaklingskosningu vegna framboðs trúnaðarráðs og trúnaðarmanna VR:

Birgir Már Guðmundsson

Benedikt Vilhjálmsson

Bjarni Þór Sigurðsson

Eftirtalin verða í framboði til stjórnar í listaframboði af hálfu trúnaðarráðs og trúnaðarmanna VR:

Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir

Jón Magnússon

Sigríður Stefánsdóttir

Sigurður Sigfússon

Eftirtalin verða í framboði til trúnaðarráðs í listaframboði af hálfu trúnaðarráðs og trúnaðarmanna VR:

Vilma Ýr Árnadóttir

Eðvald Geirsson

Sólveig Fanny Magnúsdóttir

Þorsteinn B A Guðmundsson

Halla Guðrún Jónsdóttir

Ingibjörg Kristjánsdóttir

Óskar Guðmundsson

Þorvaldur Haraldsson

Haukur Jónsson

Anna Þórðardóttir Bachmann

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Agnar Kristján Þorsteinsson

Sveinbjörn F Pétursson

Valgeir Ægir Ingólfsson

Þröstur Valgarðsson

Kolbrún Una Einarsdóttir

Pálmey Helga Gísladóttir

Alexander Þórsson

Þórður Mar Sigurðsson

Elenóra Áslaug Kristinsdóttir

Halldór Geir Jensson

Halldór Halldórsson

Ragnar Borgþórsson

Sigurður Óli Sigurðarson

Irina Sergejevna Ogurtsova

Ragnar Engilbertsson

Eyrún Ingvaldsdóttir

Snjólaug Einarsdóttir

Ingibjörg Ólafsdóttir

Ingólfur Hafsteinsson

Benóný Valur Jakobsson
Guðný Ásta Ragnarsdóttir
Heiðar Birnir Kristjánsson
Eygló Friðriksdóttir
Valva Árnadóttir
Rannveig Sigurðardóttir
Sigríður Dröfn Ámundadóttir
Ingibjörg Finnbogadóttir
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir
Guðmundur J Jónsson
Pétur Gunnar Pétursson
Kristín María Björnsdóttir
Ingibjörg R Guðmundsdóttir
Jón Hrafn Guðjónsson
Jóhann Pétur Jónsson
Guðbjörg Helga Magnúsdóttir
Einar Jón Másson
Unnur Elva Arnardóttir
Gunnar Heiðberg Gestsson
Magnús Þorsteinsson
Eyrún Ingadóttir
Kjartan Reynir Hjaltason
Sesselja Jónsdóttir
Tinna Mjöll Karlsdóttir
María Jóna Hauksdóttir
Alan James Winrow
Sæmundur Karl Jóhannesson
Ágústa Harðardóttir
Arna Gunnur Ingólfssdóttir
Svanhildur Skúladóttir
Þorgerður Jóhannsdóttir
Júlíana Pálsdóttir

Sigurður Helgason
Margrét Eiríksdóttir
Valur Magnús Valtýsson
Inga Jóhannsdóttir
Gísli Friðrik Ágústsson
Guðmundur Aðalsteinsson
Guðrún Jóhannsdóttir
Arngrímur Friðrik Pálmason
Sigurbjörg Þorláksdóttir
Guðrún Indriðadóttir
Guðrún Erlingsdóttir
Helga Egla Björnsdóttir
Jóhann Bjarni Knútsson
Jóhann Gunnarsson
Þorsteinn Þórólfsson
Þórarinn Thorarensen
Páll Örn Líndal
Magnús Haukur Lárusson
Ólafur Hrafn Traustason
Petrína Ragna Pétursdóttir

8. Slit á Glitnissjóðum 1 og 11.

Umræður.

9. Skipun í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Umræður

KÖJ lagði fram tillögu um skipun í stjórn Lv. BS óskaði eftir að tillögunni væri frestað. Fellt.

Kristinn las upp tillögu sína um óbreytta skipan í aðalstjórn Lv og bar hana undir atkvæðagreiðslu. Samþykkt með 7 atkvæðum. 2 á móti og 1 sat hjá. Tilnefndir verða því:

Ásta Rut Jónasdóttir

Benedikt Vilhjálmsson

Ragnar Öundursson

Stefanía Magnúsdóttir

Kristinn bar upp tillögu sína um varamenn í stjórn Lv og óskaði eftir umræðum um málið. Nokkrar umræður um þá varamenn sem tillaga var um. Tillagan var samþykkt með meirihluta atkvæða. 2 voru á móti. Tilnefndir varamenn verða því:

Óskar Kristjánsson

Helga Árnadóttir

Björn Z. Björnsson

Sigríður Örlygsdóttir

10. Önnur mál:

BS lagði fram eftirfarandi tillögu og bókun:

„Þau opinberu skrif formanns VR, Kristins Arnar Jóhannessonar, sem einnig er talsmaður meirihluta stjórnar, þar sem hann líkir samtökunum Nýtt Ísland sem „brúnstökkum Þýskalands nasismans“ eru þess eðlis að ekki verður við unað. Sú staðreynd að Nýtt Ísland hefur staðið fyrir fundum í samstarfi við Hagsmunasamtök heimilianna á Austurvelli í allan vetur, þar sem hefur verið barist fyrir opnari gagnsærri stjórnsýslu, upprætingu spillingar, leiðréttingu á lánum heimilanna ásamt afnámi verðtryggingar á veðskuldbindingar landsmanna. Kröfur sem við í minnihlutanum tökum undir og viljum að VR láti sig varða, en því miður er því ekki fyrir að fara af meirihluta stjórnar í dag. Þegar samtökum og um leið einstaklingum sem berjast fyrir umræddum kröfum, sanngjörnum kröfum er snerta félagsmenn og heimilin í landinu, er líkt við brúnstakka nasismans af forustu VR þá vakna spurningar um raunverulegt hlutverk VR, ASÍ og um leið um markmið þeirra. Ekki þarf að velja málinu lengi fyrir sér þegar spurning vaknar um, hvort „Nótt hinna löngu hnífa“ bíði okkar í minnihlutanum og um leið þeim er berjast fyrir nefndum kröfum? Geri ég því tillögu um að formaður VR viðji samtökun Nýtt Ísland og um leið þá er styðja málstað þeirra, málstað er halda mætti að verkalýsforustan á Íslandi ætti að vera berjast fyrir, skriflega afsökunarbeiðni á ummælum sínum fyrir 12.02.2010. Eins verði afsökunarbeiðnin birt á heimasíður VR sem og opinberlega. Bjarki Steingrímsson“.

Umræður.

Fundi slitið kl. 20:30